Fundargerð

Fjarfundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar mánudaginn 3. febrúar 2024 og hófst kl. 16. Fundinn sátu Ármann Jakobsson formaður, Eva María Jónsdóttir, Anna Sigríður Þráinsdóttir, Jóhannes Bjarni Sigtryggsson og Luciano Dutra. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1) Málræktarþing
Málræktarþing verður haldið í Eddu fimmtudaginn 25. september. Samkvæmt stefnuskrá Íslenskrar málnefndar 2024–2027 er megináhersla í starfi nefndarinnar árið 2025 regluverk íslensku og munu erindi málræktarþingsins fjalla um það málefni.

2) Ályktun um stöðu tungunnar 2025
Ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2025 mun einnig fjalla um regluverk íslensku. Jóhannes Bjarni Sigtryggsson vinnur fyrstu drög að ályktuninni og kynnir þau á stjórnarfundi í mars.

3) Önnur mál
Luciano Dutra verður í Brasilíu í þrjú ár og hættir því í stjórn Íslenskrar málnefndar. Guðrún C. Emilsdóttir, sem er fyrsti varamaður, kemur inn í stjórn málnefndarinnar í hans stað. Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið skipar nýjan fulltrúa í Íslenska málnefnd í stað Luciano Dutra.

Fleira gerðist ekki; fundið slitið kl. 16.40.

Ármann Jakobsson
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir
sign.